

**29. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
2. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Valdís Eyjólfssdóttir varamaður og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1601047 - Uppsögn á starfi**

Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. júní 2016. Hrönn tekur fram í uppsagnarbréfi sínu að hún þakki það traust sem henni var sýnt við ráðninguna í starfið sumarið 2007. Segir það hafa verið mikil forréttindi að fá að gegna starfinu í samstarfi við frábært starfsfólk skólans, nemendur, foreldra og skólasamfélagið allt.

Á fundinn mættu Magnús V. Benediktsson aðstoðarskólastjóri Brekkubæjarskóla, Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla áheyrnafulltrúar skólastjórnenda í grunnskólum og Alexander Eck áheyrnafulltrúi foreldra í Grundaskóla.

Skóla- og frístundaráð þakkar Hrönn fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem hún mun taka sér fyrir hendur.

Skóla- og frístundaráð felur bæjarstjóra að hafa yfirumsjón með ráðningaferli á nýum skólastjóra. Ráðið óskar eftir að bæjarstjóri leggi fram drög að auglýsingu fyrir fund ráðsins til samþykktar og tillögur að vali á ráðningastofu til að annast úrvinnslu umsókna.

**2. 1601452 - Íþróttahúsið við Vesturgötu 40 ára starfsafmæli**

Þann 24. janúar 2016 voru 40 ár liðin frá því íþróttahúsið við Vesturgötu var tekið í notkun. Íþróttahúsið hefur frá þeim tíma verið í mikilli notkun og reynst íþróttafólk á Akranesi vel. Íþróttafólk á Akranesi vann töluverða sjálfbóðavinnu við byggingu hússins sem flýttir fyrir vígslu þess.

Regína vék af fundi kl. 16:45. Svala Hreinsdóttir deildarstjóri og Hörður Jóhannesson forstöðumaður íþróttamannvirkja mættu á fundinn kl. 16:45. Starfsmenn íþróttahússins munu fagna afmælinu með því að bjóða bæjarbúum að koma þiggja kaffiveitingar, skoða húsnæðið og þá starfsemi sem þar fer fram. Dagsetning auglýst síðar.

Skóla- og frístundaráð óskar starfsfólk og Akurnesingum öllum til hamingju með 40 ára afmæli íþróttahússins að Vesturgötu.  
Hörður vék af fundir kl. 17:00.

**3. 1602013 - Tónlistarskólinn á Akranesi - tekjur jöfnunarsjóðs færðar á skólann**

Árleg framlög Jöfnunarsjóðs til Akraneskaupstaðar vegna tónlistarkennslu á framhaldsstigi á hljóðfæri og söng og miðstigi í söng við Tónlistarskólann á Akranesi hafa verið ekki verið tekjfærð á fjárhagslið Tónlistarskólans á Akranesi.

Lárus Sighvatsson skólastjóri mætti á fundinn kl. 17:00.

Skóla- og fristundaráð, í samvinnu við skólastjóra Tónlistarskólans á Akranesi og starfandi svíðsstjóra, leggur til við bæjarráð að framvegis verði sú breyting gerð í fjárhagsbókhaldi að framlög úr Jöfnunarsjóði vegna tónlistarkennslu á framhaldsstigi á hljóðfæri og söng og miðstigi í söng verði færðar sem tekjur á fjárhagslið Tónlistarskólans á Akranesi. Ráðið telur eðlilegt að framlagið verði fært á Tónlistarskólann þar sem kostnaðurinn fellur til. Þá verði framvegis tekið mið af þessu framlagi við gerð fjárhagsáætlunar Tónlistarskólans þannig að kennslukostnaður vegna kennslu á framhaldsstigi á hljóðfæri og söng og miðstigi í söng verði ekki hærri en áætlaða framlag úr Jöfnunarsjóði.

Lárus vék af fundi kl. 17:25.

**4. 1601061 - Þróunarsjóður skóla- og fristundasviðs úthlutun 2016**

Auglýst var eftir umsóknum í Þróunarsjóð skóla- og fristundasviðs 2016.

Umsóknarfrestur var til og með 31. janúar 2016. Alls bárust 3 umsóknir um styrkir úr sjóðnum en þær eru:

\*Að fanga fjölbreytileikann. Handbók um verkfæri Byrjentalæsis, Orðs af orði og Gagnviks lestrar. Ábyrgðamenn umsóknar: Ásta Egilsdóttir kennari Grundaskóla og Guðrún Guðbjarnadóttir kennari Brekkubæjarskóla

\*Menntun til framtíðar. Styðja við og efla kennslufræðilega þekkingu og færni kennara til að nýta spjaldtölver sem tæki í kennslu. Ábyrgðamenn umsóknar: Nanna María Elfarsdóttir kennari Brekkubæjarskóla.

\*Innleiðing á samvinnulíkani fyrir margbreytilega hópa (Þorpið). Ábyrgðamaður umsóknar: Ruth Jörgensdóttir Rauterberg deildarstjóri dagstarfs í Þorpinu.

Úthlutunarnefnd er skipuð bæjarstjóra, formanni skóla- og fristundaráðs og Gunnari Gíslasyni ráðgjafa skóla- og fristundasviðs. Úthlutunarnefnd gerir eftirfarandi tillögu til skóla- og fristundaráðs um úthlutun styrkja:

\*Að fanga fjölbreytileikann. Handbók um verkfæri Byrjentalæsis, Orðs af orði og Gagnviks lestrar. Ábyrgðamenn umsóknar: Ásta Egilsdóttir kennari Grundaskóla og Guðrún Guðbjarnadóttir kennari Brekkubæjarskóla. Umsögn úthlutunarnefndar: Verkefnið tengist beint þjóðarátaki í læsi sem Akraneskaupstaður er aðili að. Þetta er samvinnuverkefni beggja grunnskólanna og styður við bæði skóla- og lestrarstefnu Akraneskaupstaðar og eflir skólasamfélag á Akranesi í heild sinni. Ábyrgðamenn verkefnisins, Ásta og Guðrún, hafa unnið vel saman og faglega að innleiðingu og þróun byrjentalæsis í báðum skólum og aukið samvinnu skólanna með jákvæðum árangri. Umsóknin er fagleg og vel rökstudd.

Verkefnið hljóti styrk að upphæð kr. 2.000.000.-

\*Innleiðing á samvinnulíkani fyrir margbreytilega hópa (Þorpið). Ábyrgðamaður umsóknar: Ruth Jörgensdóttir Rauterberg deildarstjóri dagstarfs í Þorpinu.

Umsögn úthlutunarnefndar: Verkefnið er áhugavert frumkvöðlaverkefni sem hefur

hlotið viðurkenningu fyrir nýsköpun og þróun í æskulýðsstarfi. Ábyrgðamaður umsóknar, Ruth, hefur þróað samvinnulíkan fyrir margbreytilega hópa barna og unglings til að skapa umhverfi sem einkennist af virðingu fyrir margbreytileika, félagslegri viðurkenningu, þátttöku allra og samvinnu. Þróunarverkefnið felst í innleiðingu hluta þess líkans í starfi með börnum og ungmennum í Þorpinu. Umsóknin er fagleg og vel rökstudd. Verkefnið hljóti styrk að upphæð kr. 1.500.000.-

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu úthlutunarnefndar um styrkveitingu. Skóla- og frístundaráð felur Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra að svara umsækjendum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Sigriður Indriðadóttir  
Koðsdiðu Hallur Sveinsson  
Valdís Eystjófsdóttir  
Astríður Ósk Ragnarsdóttir  
Svala Hreinsdóttir